



## Samruni 1912 ehf. og Emmessíss ehf.

### I.

#### Málavextir og málsmeðferð

Með bréfi dags. 7. júní 2019, var Samkeppniseftirlitinu tilkynnt um fyrirhuguð kaup 1912 ehf. (hér eftir 1912) á hlutum í Emmessís ehf. (hér eftir Emmessís). Samsvarar það 56% hlut í fyrirtækinu í kjölfar fyrirhugaðrar lækkunar hlutfjár. Með bréfinu fylgdi samrunaskrá í samræmi við 17. gr. a. samkeppnislaga nr. 44/2005 og reglur nr. 684/2008 um tilkynningar og málsmeðferð í samrunamálum, með síðari breytingum. Um er að ræða svonefnda lengri samrunaskrá með upplýsingum um samrunann. Samrunatilkynning þótti fullnægjandi í skilningi samkeppnislaga og frestir samkvæmt lögum byrjuðu að líða hinn 11. júní 2019.

Í kjölfar móttöku samrunatilkynningarinnar óskaði Samkeppniseftirlitið eftir bæði sjónarmiðum og frekari upplýsingum frá samrunaaðilum, keppinautum og viðskiptavinum. Verður þeirra sjónarmiða getið eftir því sem við á í umfjöllun hér á eftir.

Með samrunaskrá fylgdi jafnframt beiðni um undanþágu frá banni við framkvæmd samrunans, sbr. 4. mgr. 17. gr. a. samkeppnislaga. Þann 14. júní svaraði Samkeppniseftirlitið þeirri beiðni og taldi að ekki væri unnt á að fallast á hana á þessu stigi. Þann 20. júní var beiðnin rökstudd frekar af samrunaaðilum og farið ítarlegar yfir fyrirhugaðar aðgerðir með nánari rökstuðningi. Með bréfi dags. 27. júní barst samrunaaðilum bréf þar sem fallist var á að veita umrædda undanþágu.

Með bréfi dags. 15. júlí 2019, var samrunaaðilum tilkynnt um að Samkeppniseftirlitið teldi ástæðu til frekari rannsóknar samrunans, sbr. 1. mgr. 17. gr. d. samkeppnislaga.

### II.

#### Samruninn

Samkvæmt 17. gr. samkeppnislaga telst samruni hafa átt sér stað þegar breyting verður á yferráðum til frambúðar. Samruni getur þannig m.a. fallist í því að fyrirtæki taki annað fyrirtæki yfir eða að það nái yferráðum í heild eða að hluta yfir öðru fyrirtæki, t.d. með því að kaupa hluta af eignum þess eða þær allar, sbr. 1. mgr. 17. gr. laganna. Samkeppniseftirlitið telur að í kaupum 1912 á hlutum í Emmessís felist samruni í skilningi 17. gr. samkeppnislaga.

#### 1. Samrunaaðilar

Fram kemur í samrunaskrá að með kaupsamningi hafi 1912 skuldbundið sig til þess að kaupa hluti í Emmessís, þ.e. 56% í kjölfar fyrirhugaðrar lækkunar hlutafjár. Seljandi er Ísgarðar ehf. (hér eftir Ísgarðar).

Í samrunaskrá segir að 1912 sé móðurfélag tveggja félaga. Félagið eigi þannig 100% eignarhlut í félögunum Nathan og Olsen hf. (hér eftir Nathan og Olsen) og Ekrunni ehf. (hér eftir Ekran). 1912 hefur enga starfsemi aðra en að annast innkaup, skrifstofuhald og fjármálastjórn fyrir þessi tvö dótturfélög sín.



Þá segir að Nathan og Olsen reki heildsölu sem selji dagvöru og snyrtivöru til smásöluverslana og markaðssetningu á þeim vörum sem heildsala félagsins tekur til.

Jafnframt kemur fram að Ekran sé þjónustufyrirtæki sem selji matvörur til stóreldhúsa, s.s. mótuneyta, fyrirtækja, veitingahúsa, stofnana og matvöruverslana.

Loks segir að engin starfsemi sé í félögunum Bjargi Invest ehf., Jaka eignarhaldsfélagi ehf. og Námu ehf. sem eru í eigu 1912. Félögin hafa þann eina tilgang að halda utan um eignarhluti í félögunum.

Í samrunaskrá kemur fram að Emmessís reki ísgerð og selji ís hér á landi. Skiptast vörur félagsins annars vegar í ís sem seldur er til dagvöruverslana til síðari neyslu, s.s. frysta íspinna og rjómaís, og hins vegar í ís sem seldur er til ísbúða sem þar er seldur til neyslu.

## 2. Sjónarmið samrunaaðila

Fram kemur að aðdraganda samrunans megi rekja til þess að þáverandi aðaleigandi Emmessíss, Hnetutoppur ehf., leitaði að kaupendum að eignarhlut sínum í félaginu þar sem rekstur þess hafi gengið illa. Úr varð að félagið Ísgarðar gerði kaupsamning um allt hlutfé í Emmessís í því skyni að auka fjármagn til áframhaldandi reksturs. Ísgarðar töldu sig hins vegar ekki geta staðið eina að þeirri auknu fjármögnun sem nauðsynleg var fyrir rekstur Emmessíss. Hafi félagið því leitað til 1912 um kaup á ráðandi hlut í félaginu.

Um markmið samrunans segir í samrunaskrá að 1912 hyggist með kaupunum ná fram rekstrarhagræði hjá Emmessís, en rekstur félagsins hefur verið í járnum undanfarin misseri. Markmið 1912 er að koma á stöðugleika í rekstri félagsins þannig að það geti starfað til frambúðar á markaðnum. Sér 1912 fyrir sér að þeirri hagræðingu megi ná með því að nýta þá þjónustu stoðsviða 1912 sem þegar eru nýtt fyrir Nathan og Olsen og Ekruna fyrir rekstur Emmessíss og þannig draga úr kostnaði í rekstri félagsins. Þá segir að 1912 hafi talsverða reynslu og þekkingu af dreifingu á frystivöru sem félagið sér fyrir sér að geta nýtt til hagsbóta og hagræðis fyrir rekstur Emmessíss.

Samrunaaðilar telja að samruninn muni hafa í för með sér jákvæð áhrif á samkeppni. Nefna þeir að rekstur Emmessíss hafi gengið illa undanfarin misseri [

]<sup>1</sup> Með samrunanum sé rekstur Emmessís og þar með tilvist félagsins á markaðnum tryggð. Nefna samrunaaðilar að það sé tvímælaust til hagsbóta fyrir neytendur, enda myndi brotthvarf Emmessís af markaði leiða til þess að staða stærsta aðilans á markaðnum, Kjörís, styrkist og leiði til markaðsráðandi stöðu þess félags.

Í samrunaskrá kemur fram að samruninn muni ekki leiða til markaðsráðandi stöðu, enda verða samrunaaðilar í kjölfar samrunans ekki með hæstu markaðshlutdeildina.

Nefna samrunaaðilar að takmarkaðar aðgangshindranir séu að markaðnum í formi innflutnings á erlendum ístegundum sem skipta hundruð í heiminum. Þannig sé í raun auðvelt fyrir hvern sem er að tryggja sér dreifingarsamning um tiltekið vörumerki og gera samninga við þriðja aðila um innflutning, dreifingu og geymslu. Engin leyfi þurfi til slíkrar starfsemi og aðgangshindranir eru því litlar sem engar. Markaðshlutdeild Core ehf. á ísmarkaði styður þessa kenningu, en fyrirtækið hóf innflutning og sölu á ís árið 2018.

---

<sup>1</sup> Fellt út vegna trúnaðar.



Í samrunaskrá er tekið fram að samkeppni hafi aukist umtalsvert á þeim heildsölumörkuðum sem 1912 samstæðan starfar á undanfarin ár með tilkomu Costco og auknum beinum innflutningi smásöluverslana. Hvað markað fyrir sölu á ís varðar nefna samrunaaðilar að hann hafi breyst nokkuð undanfarinn áratug með síaukinni samkeppni erlendra vörumerkja. Sem dæmi eru nefnd sterk erlend vörumerki líkt og Ben & Jerrys, Magnum og Solero, auk Häagen-Dazs, vörumerkisins sem 1912 hefur heildsölu fyrir.

## 2. Markaðir málsins

Við mat á samruna samkvæmt samkeppnislögum verður að byrja á því að skilgreina þann markað eða þá markaði sem við eiga. Samkvæmt 4. gr. samkeppnislaga er markaður sölusvæði vöru og staðgengdarvöru og/eða sölusvæði þjónustu og staðgengdarþjónustu. Hagfræðileg rök leiða til þess að líta verður á viðkomandi markað frá tveimur sjónarhornum, annars vegar vöru- eða þjónustumarkaðinn og hins vegar landfræðilega markaðinn.

Í samrunaskrá segir að Emmessís starfi á ísmarkaði. Samkeppnisyfirvöld hafa áður tekið ákvörðun er varðar ísmarkað. Í ákvörðun samkeppnisráðs nr. 14/2003 *Erindi Samtaka verslunarinnar – FÍS vegna meintra brota á samkeppnislögum í samningum innlendra ísframleiðanda og matvöruverslana* og jafnframt í úrskurði áfrýjunefndar samkeppnismála nr. 13/2003, *Emmessís hf. gegn Samkeppnisráði*. Vörumarkaðurinn var þar skilgreindur á þann hátt að hann næði til „innflutnings, framleiðslu og heildsöludreifingar á ís og ísvörum“. Þá var talið að markaðurinn skiptist í annars vegar dreifingu til ísbúða og hins vegar til matvöruverslana. Loks var talið að landfræðilegi markaðurinn teldist landið allt. Að mati samrunaaðila á þessi skilgreining enn við í dag.

Fram kemur í samrunaskrá að 1912 starfi jafnframt á ísmarkaði að takmörkuðu leyti, vegna dreifingarsamnings við General Mills Ltd. um sölu á Häagen-Dazs ís hér á landi. 1912 hóf dreifingu á ísnum fyrir fjórum árum. Byggist það á dreifingarsamningi félagsins við General Mills Ltd.

Þá segir í samrunaskrá að 1912 samstæðan starfi jafnframt á öðrum heildsölumörkuðum. Þannig starfar Nathan og Olsen einkum á sviði innflutnings og heildsölu og einbeitir sér að sölu á dagvöru til smásöluverslana.

Jafnframt segir að Ekran starfi á markaði fyrir innflutning og heildsölu bæði erlendra og innlendra matvöru til stóreldhúsa. Þá telja samrunaaðilar að stórir og öflugir aðilar starfi á þessum mörkuðum, þ.e. Garri, Innes, Ölgerðin, CCEP, Íslensk Ameríska, O Johnson & Kaaber, Sælkeradreifing, Kjarnafæði, Sláturfélag Suðurlands, Norðlenska, KS, Esja og Kjötismiðjan.

Í samrunaskrá segir að snertiflötur starfsemi samrunaaðila takmarkist sem áður segir við markað fyrir innflutning og framleiðslu á ís og ísvörum til sölu til dagvöruverslana. Einkennist markaðurinn af sölu annars vegar innlendra ísframleiðenda og hins vegar innflytjenda/heildsala á erlendum ís, sem dagvöruverslanir selja svo aftur til neytenda.

Framkvæmdastjórn Evrópu hefur tekið ísmarkaðinn til skoðunarákvörðunum sínum. Benda má til að mynda á mál M.7946 *PAI/Nestle/Froneri*. Þar var markaðnum skipt upp í ís til heimaneyslu (e. *take-home ice cream*), skyndikaup á ís (e. *impulse ice cream*) og ís fyrir veitingaþjónustu (e. *catering ice cream*).<sup>2</sup>

---

<sup>2</sup> Jafnframt má finna þessa skilgreiningu í málum Framkvæmdastjórnar ESB nr. M. 264 *Nestle/Schöller* og M.422 *Unilever France/Ortiz Miko (II)*.



- Ís til heimaneyslu er ís sem keyptur er til þess að vera neytt heima fyrir. Þess konar ís er oftast keyptur í dagvöruverslunum, minni verslunum eða af öðrum söluaðilum og er neytt seinna um daginn eða annan dag. Ísinn er til í mismunandi formi, til að mynda í kössum, toppum, stykkjatali, ís pinnum og ís samlokum.
- Skyndikaup á ís hefur verið skilgreindur sem ís til neyslu á götum úti eða á almenningsvæðum, til að mynda þar sem sundlaugar eru og staðir þar sem finna má afþreyingu. Þess konar ís er seldur á mismunandi stöðum, til að mynda í ísbúðum, bakaríum, ísbílum o.s.frv. Einkenni þessa undirmarkaðar er að neytandinn kaupir vöruna til þess að neyta hennar strax, í litlu magni og á hærra verði en ís til heimaneyslu.
- Ís fyrir veitingaþjónustu hefur verið skilgreindur sem markaður fyrir ísvörur til að selja á veitingastöðum, kaffihúsum, hótélum o.s.frv. Ís sem seldur er á þennan máta er seldur og keyptur í stórum einingum, annað hvort beint til viðskiptavinarins eða til heildsala til að vera neytt á veitingastöðum, en einnig í stykkjatali.

Að mati Samkeppniseftirlitsins er ekki ástæða til þess að víkja frá fyrri skilgreiningum ísmarkaðarins í þessu máli. Þó kunna að vera forsendur til þess að skilgreina nánari undirmarkaði en í ljósi niðurstöðu málsins er ekki þörf á því að taka það til nánari skoðunar.

### 3. Staða samrunaaðila á mörkuðum málsins

Tilgangur þess að meta markaðshlutdeild á skilgreindum mörkuðum í samrunamálum er að auðvelda mat á því hvort samruni muni leiða til skaða fyrir neytendur og tjóns fyrir samfélagið. Slíkt tjón getur meðal annars átt sér stað vegna þess að samrunaaðilar nýti sér aukinn efnahagslegan styrkleika eftir samruna til að hækka verð eða eftir atvikum til að draga úr gæðum vöruframléiðslu eða þjónustu til að minnka kostnað. Mat á markaðshlutdeild er jafnan hluti af mati á aðstæðum á mörkuðum og er markaðshlutdeild eitt þeirra atriða sem gefur vísbendingu um efnahagslegan styrkleika. Við mat á því hvort að tiltekin markaðshlutdeild beri vott um skaðlega samþjöppun þarf jafnan að horfa til ýmissa annarra eiginleika markaðarins og þeirra fyrirtækja sem um ræðir í viðkomandi máli.

Í samrunaskrá byggja samrunaaðilar mat sitt á markaðshlutdeild á tölum frá AC Nielsen. Þar áætla þeir að á markaði fyrir innflutning, framleiðslu og heildsölu dreifingu á ís til dagvöruverslana sé Emmessís með 31,9% markaðshlutdeild og Häagen-Dazs sem 1912 flytur inn með 3,3%. Áætluð markaðshlutdeild keppinauta, byggð á sömu tölum, sé 43,1% hlutdeild hjá Kjörís, 3,3% hlutdeild hjá Core/Barbells, 1,5% hlutdeild hjá ÍSAM og að aðrir séu með 16,9%.

Samkeppniseftirlitið aflaði gagna um tekjur samrunaaðila auk annarra fyrirtækja sem flytja inn ís. Send var gagnabeiðni þann 25. júní 2019 á þau fyrirtæki sem nefnd voru sem keppinautar í samrunaskrá auk annarra aðila sem Samkeppniseftirlitið taldi að kynnu að flytja inn ís.<sup>3</sup> Ekki þótti þörf á að skipta markaðnum niður í smærri einingar, líkt og gert var í niðurstöðu framkvæmdarstjórnar Evrópusambandsins hér að ofan. Svör við upplýsingabeiðninni bárust frá markaðsaðilum á tímabilinu 27. júní til 12. júlí.

Samkvæmt veltutölum er Kjörís stærsti aðilinn á heildarmarkaðinum fyrir innflutning, framleiðslu og heildsölu dreifingu á ís og ísvörum, með [...]% [...] hlutdeild árið 2018, og [...]% [...] árið 2017. Emmessís er með næstmestu hlutdeildina, með [...]% [...]%

<sup>3</sup> Gagnabeiðnin var send á 1912, Core ehf., Emmessís, Festi, Haga, Innnes, ÍSAM, Kjörís, Samkaup og Super1. Listi yfir þau fyrirtæki sem haft var samband við er ekki tæmandi talning á þeim sem kunna að flytja inn ís til sölu.



markaðarins árið 2018 og [...] % [...] % árið 2017, og Core kemur þar á eftir með [...] % [...] % hlutdeild árið 2018.<sup>4</sup> Hlutdeild 1912 var [...] % [...] % árin 2017 og 2018. Sé sala Emmessíss og 1912 tekin saman, er sameinað fyrirtæki með [...] % [...] % hlutdeild.<sup>5</sup>

Mikil samþjöppun er á markaðnum en HHI stuðullinn er um og yfir 4 þúsund stig. Samruninn hefur hins vegar lítil áhrif á hlutdeildir á markaðnum og verður breyting á samþjöppun í kjölfar samrunans minni en 150 stig þegar horft er til HHI mælikvarðans.<sup>6</sup>

Core er nýtt fyrirtæki á ísmarkaðnum, með nokkuð meiri hlutdeild en aðrar, rótgrónari heildsölur, þ.á m. 1912, sem gefur til kynna að innkoma á markaðinn sé möguleg. Það ásamt möguleika á eigin innflutningi smásöluverslana veitir starfandi aðilum á markaði nokkuð samkeppnislegt aðhald. Eftir sem áður er markaðurinn mjög samþjappaður og hafa Emmessís og Kjörís sterka stöðu á markaðnum og hafa viðhaldið henni um lengri tíma.

## II.

### Niðurstaða

Við mat á samkeppnislegum áhrifum samruna ber að líta til þess hvort samruninn leiði til þess að markaðsráðandi staða skapist eða styrkist eða hvort samruninn leiði til þess að samkeppni raskist að öðru leyti með umtalsverðum hætti, sbr. 17. gr. c. samkeppnislaga. Í 4. gr. samkeppnislaga kemur fram að markaðsráðandi staða sé fyrir hendi þegar fyrirtæki hefur þann efnahagslega styrk að geta hindrað samkeppni á þeim markaði sem máli skiptir og að það geti að verulegu leyti starfað án þess að taka tillit til keppinauta, viðskiptavina og neytenda.

Í upplýsingabeiðni sem Samkeppniseftirlitið sendi til keppinauta samrunaaðila á ísmarkaði og helstu viðskiptavina var óskað eftir sjónarmiðum þeirra um samrunann. Enginn þeirra sá ástæðu til þess að mótmæla því að samruninn fengi að ganga í gegn, né því sem fram kom í samrunaskrá, hvorki þeim markaðsskilgreiningum sem þar voru settar fram né sjónarmiðum um stöðu samrunaaðila á markaði. Einnig voru umsagnaraðilar sammála lýsingu samrunaaðila á samkeppnislegum áhrifum á viðkomandi mörkuðum. Einu áhyggjurnar sem fram komu í umsögnunum sneru að samþjöppun á matvörumarkaði hjá birgjum.

Markaðurinn fyrir innflutning, framleiðslu og heildsöludreifingu á ís og ísvörum er mjög samþjappaður og hafa Emmessís og Kjörís sterka stöðu á markaðnum og hafa viðhaldið henni um lengri tíma. Þessi samruni mun hins vegar hafa takmörkuð áhrif á hlutdeild aðila á markaði og samþjöppun en breyting á HHI stuðlinum í kjölfar samrunans er undir 150 stigum. Einnig gefur innkoma Core það til kynna að innkoma á markaðinn sé möguleg auk þess sem eigin innflutningur smásölukeðja veitir visst samkeppnislegt aðhald.

Að mati Samkeppniseftirlitsins verður ekki séð af gögnum málsins að samruninn leiði til þess að markaðsráðandi staða verði til eða styrkist eða að samruninn leiði til þess að samkeppni raskist að öðru leyti með umtalsverðum hætti, sbr. 17. gr. c. samkeppnislaga. Á grundvelli þess telur samkeppniseftirlitið ekki ástæðu til að aðhafast frekar í málinu.

<sup>4</sup> Hagar hf. flytja einkum inn dagvörur fyrir eigin verslanir en ekki til almennrar heildsölu.

<sup>5</sup> Fellt út vegna trúnaðar.

<sup>6</sup> Í viðmiðunarreglum framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins vegna láréttra samruna er umfjöllun um HHI stuðullinn. Þar kemur fram að framkvæmdastjórnin telji ólíklegt að hafa þurfi áhyggjur vegna samkeppnislegra áhrifa láréttra samruna á markaði þar sem HHI eftir samruna er undir 1.000, þar sem samþjöppun á slíkum markaði teljist óveruleg. Sé HHI á milli 1.000 og 2.000 er almennt ólíklegt að samruni skapi samkeppnisleg vandamál sé hækkun stuðulsins við samruna innan við 250 stig, og sé stuðullinn yfir 2.000 stig er að sama skapi ólíklegt að hafa þurfi áhyggjur af samruna sem hækkar stuðullinn um minna en 150 stig. Sjá nánar hér „Guidelines on the assessment of horizontal mergers under the Council Regulation on the control of concentrations between undertakings“ (2004/C 31/03), Official Journal (C 31, 05.02.2004).



**IV.  
Ákvörðunarorð**

**„Kaup 1912 ehf. á 56% hlut í Emmessís ehf. fela í sér samruna í skilningi samkeppnislaga. Samkeppniseftirlitið telur ekki forsendur til þess að hafast frekar að í máli þessu.“**

Samkeppniseftirlitið

Páll Gunnar Pálsson